

Samþykkt

81
28. apríl

um veiði í Drangey.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 20, 22. okt. 1912, samið og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt um veiði í Drangey.

1. gr.

Þegar vika er liðin af sumri skal öllum, sem lögheimili eiga í Skagafjarðarsýslu, heimilt að fara til Drangeyjar að byggja sjer byrgi á »Fjörunni« meðan rúm leyfir, ef þeir ætla sjer að stunda svartfuglaveiði á flekum í landhelgi eyjarinnar. Enginn má taka grjót eða byggingarefni úr byrgjum eða byrgispörtum annara, sem standa þar frá fyrra ári, eða byggja það upp sjer til afnota, án heimildar fyrri notanda. Umsjónarmaður eyjarinnar, sbr. 8. gr., skal gæta þess vandlega, að rúmið sje notað sem haganlegast og drýgst. Verði ágreiningur út af byggingu byrgja ræður úrskurður umsjónarmanns.

2. gr.

Heimilt skal mönnum, þegar þeir koma til veiðanna, að ryðja uppsátur fyrir skip sín, sem næst byrgi sínu, eða þar sem þeim þykir hentast á »Fjörunni«, ef áður er ótekið af öðrum, og heldur hver sínu uppsátri þá vertíð. Sjeu 2 för í fjelagi, er formaður skyldur til að setja annað farið upp fyrir hitt ef annara för fá eigi viðunanlegt uppsátur að öðrum kosti. Verði ágreiningur út af uppsátri, ræður úrskurður umsjónarmanns.

3. gr.

Allir skulu skyldir til að fara út að vitja um niðurstöður sínar á sama tíma dags, eftir því sem formenn og umsjónarmaður koma sjer saman um.

4. gr.

Öll byssuskot eru stranglega bönnuð við eyna og í landhelgi hennar á alla vegu á tímabilinu frá 1. marsmánaðar til 20. júlímánaðar. Þó skal með

81 samráði við umsjónarmann vera heimilt að skjóta gripfugl, er legst til skemda 28. apríl á veiði manna.

5. gr.

Peir, sem róa til fiskjar frá eyinni, skulu svo sem kostur er á, forðast að styggja fuglinn frá niðurstöðunum. Einnig er bannað að leggja fiskilóð innan um niðurstöðurnar, svo og að fiska þar á handfæri utan umvitjunartíma.

6. gr.

Hver maður, sem stundar fuglveiði á fleka við Drangey 14 daga eða lengur, skal greiða í fjörutoll 75 aura, sama gjald greiðist fyrir hvert skip; en hafi sama skipshöfn aukafar — fuglfar — greiðist fyrir það 40 aurar. Sje einn eða fleiri menn á einhverju skipi, er ekki hafa flekaútgerð, greiði hann eða þeir 40 aura í fjörutoll. Fjörutollinn ber formanni hverjum að greiða fyrir sig og sína skipshöfn þá er þeir hafa stundað veiði við eyna í 14 daga. Verslanir eða aðrir, sem hafa fisktöku við Drangey, skulu greiða hver um sig 5 krónur fyrir hverja vertíð. Ef skipshöfn, er ekki hefir byrgi og fast uppsátur við eyna, gjörir þar að afla sínum til að salta hann þar eða selja, greiði hún lóðarfisk — málfisk — af hverjum róðri ef 5 eru í hlut eða meira.

7. gr.

Sýslunefndin byggir eyna til alt að 5 ára í senn til eggjatöku og gefur oddviti sýslunefndar leiguliða byggingarbrjef, sem skýrt tekur fram, hvað það er, sem bygt er, til hvað langs tíma og með hvaða skyldum. Skyldur er leiguliði til að hreinsa bjargið yfir »Fjörunni« og annarstaðar þar sem bygt er, gegn 20 króna þóknun úr sýslusjóði árlega, og skal hreinsunin fara fram á þeim tíma, sem umsjónarmaður telur hentugast. Leiguliða skal bannað að stunda eggjatöku lengur en til laugardagskvölds, þá sjö vikur eru af sumri.

Leiguliði skal skyldur að ryðja niður ritsusetrum, eftir því sem hann getur við komið. Eftirgjald það, er leiguliða ber að greiða, auk áðurnefndrar 20 kr. þóknunar, greiðist oddvita sýslunefndar fyrir 1. dag nóvembermánaðar ár hvert.

8. gr.

Sýslunefndin, eða oddviti hennar, útvegar á ári hverju umsjónarmann, sem hefir á hendi eftirlit með því, að þeir, sem stunda veiði við eyna, og leiguliði eggversins hlýði fyrirmælum samþyktrar þessarar. Ber umsjónarmanni að gæta þess vandlega, að fugl sje ekki veiddur í bjarginu nje í »Kerlingunni« með speldum, háfum, flekum eða á annan hátt. Ekki má heldur drepa lunda eða taka egg hans uppi á eyinni. Ennfremur hefir umsjónarmaður á hendi innheimtu á gjaldi því, er ræðir um í 6. gr. Einnig skal hann heimta skýrslu um fuglveiði af formanni hverjum, eftir hverja viku, svo og af eggjatökumanni skýrslu um tölu eggja, þá er eggjasigi er lokið.

Umsjónarmaður semur því næst aðalskýrslu um fuglveiði og eggjatöku, **81** sem hann skilar oddvita sýslunefndar ásamt fjörutollum, fyrir lok júlímánaðar ár 28. apríl hvert. Fyrir starf sitt fær umsjónarmaður hæfilega þóknun, sem greiðist úr sýslusjóði.

9. gr.

Heimilt er sýslunefndinni, ef henni þykir ástæða til, að gjöra sjerstakar ráðstafanir í því skyni að útrýma úr eyinni ritsu og öðrum vargfugli, sem spillir svartfuglaveiði við eyna.

10. gr.

Friðlýst skal eyinni á öllum manntalsþingum sýslunnar fyrir öllum óleyfilegum afnotum. Öll landspell á eyinni eða skemdir á festum þeim, sem henni fylgja og mönnum verður um kent, varða sektum og skaðabótum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum alt að 200 krónum, er renna í sýslusjóð.

12. gr.

Mál, sem risa út af brotum gegn samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. maí 1913 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 28. apríl 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.